

Val á steinsteypu

Leiðbeiningar sem hér er að finna miða að því að tryggja langan líftíma mannvirkisins og auðvelda niðurlögn steypunnar.

Hvað útisteypur varðar eru tillögur okkar í flestum tilfellum umfram opinberar lágmarkskröfur en munu hafa í för með sér minna viðhald og lengri endingu mannvirkisins. Tillögurnar eiga einungis við steypuflokka BM Vallá.

Lágmarkskröfur til steinsteypu

| VEÐRUNAR- AÐSTÆÐUR | Hæsta leyfilega v/s tala | Lág. steypust. til að tryggja v/s-tölu | Lág. sements- magn í m ³ | Lág. loftinnihald* | Lág. steypuhula á járnum | |
|-----------------------|---|--|--|--------------------|--------------------------------|----------|
| INNISTEYPA | 0,65 | C - 20 | | | 2 cm | |
| | Að mestu laus við saltáhrif (t.d. útveggir) | 0,55 | C - 25 | 300 kg | 5% | 3 cm |
| ÚTISTEYPA | Saltáhrif og mikið veðrunarálag (t.d. gangstéttar) | 0,45 | C -35 | 350 kg | 5% | 4 - 6 cm |
| | Mjög mikill veðrun og mikill saltáhrif (t.d. í sjávarborði) | 0,40 | C -40 | 400 kg | 5% | 7 cm |

* Mælt eftir dælingu ef dælt er, annars rétt fyrir niðurlögn
Lágmarkskröfur byggingareglugerðar fyrir útisteypu

| | |
|---|-------------------------------------|
| Sökkjar | C - 25 |
| Plötur Burðarþolshönnun ræður brotþolsflokki: | C - 20 / C - 25 LL |
| Ef platan nær í gegnum útveggi: | C - 25 / C - 30 / C - 35 |
| Bílskúrgólf | C - 30 |
| Útveggir | C - 30 |
| Mannvirki nálægt sjó og/eða efstu hæðir hárra mannvirkja | C - 35 |
| Veggir einangraðir og klæddir að utan og plastmót | C - 25 |
| Inniveggir | C - 20 / C - 25 |
| Svalir/Skyggni | C - 35 |
| Gildir einnig um aðra byggingarluta sem skaga út | |
| Stoðveggir/Garðveggir | C - 35 |
| Útitröppur/Heitir pottar o.þ.h. | C - 35 |
| Plön | C - 35 |
| Sjónsteypuveggir | C - 35 eða sérstök sjónsteypublanda |

LL táknar lækkað loft og má einungis nota slíka steypu þar sem hún verður ekki fyrir veðrun. Auðveldara er að vélslípa plötur ef loft er lækkað. Loft er þó haft að lágmarki 4%.



Steinsteypa



Sími: 412 5000 :: bmvalla.is



Sérsteypur - framh.

Terrazzo - steypa

BM Vallá útbýr sérstakar steypulaganir fyrir slípun. Fylliefni og sement er sérvalið til að ná fram réttum blæbrigðum í steypuna eftir slípun. Einnig er hægt að bæta litarefnum í steinsteypu ef þess er óskað.

Hafðu samband við tæknideild BM Vallá ef þú vilt frekari upplýsingar um Terrazzo - sérlaganir.

Trefjasteypa

BM Vallá selur steypu með ýmsum gerðum af trefjum. Oftast eru svokallaðar polypropylen - plasttrefjar notaðar en einnig aðrar gerðir, t.d. stáltrefjar.

Frostvarin steypa

Ef notuð er steypa með frostvörn er hægt að steypa í frosti án þess að steypan skemmist. Vörnin byggist á því að vatnið í steypunni frýs ekki fyrr en hitastigið hefur lækkað niður fyrir -10 °C.

Þessi steypa er sérstaklega nauðsynleg þegar steypa þarf að vetri til í mannvirkisluta sem ekki er hægt að verja með yfirbreiðslum eða mynda lítinn hita vegna lítills steypumagns, s.s. raufarsteypa milli eininga. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að nota steypuna víðar og hindra þannig að steypuvinna truflist á veturna vegna frosts.

Ryðhamlandi steypa

BM Vallá hefur þróað steypu sem verndar járn í steypu sérstaklega vel.

Venjuleg þétt steypa hægir á ryðmyndun járnanna. Nýja steypan eykur hins vegar þessi verndunaráhrif verulega og lengir þar með líftíma steypunnar. Ryðhamlandi steypa hentar vel t.d. í bílageymsluhús, brýr og við sjávarsíðuna þar sem mikil ágangur er frá salti.



Hefðbundin steinsteypa

Miklu máli skiptir að vandað sé til við val á steypuflokkum til mannvirkja. Aukin gæði leiða til minna viðhalds og lengri endingar mannvirkisins.

| Flokkur | Notkun |
|----------------|--|
| C-16 | Prifalög, t.d. afréttingar undir steypumót |
| C-20 | Plötur og innveggir þar sem veðrunaráhrifa gætir ekki |
| C-25 | Lágmarksstyrkur fyrir útisteypu. |
| C-30 | Er sementsríkari en C-25 og því með betra veðrunarþol og er þjálli steypa. Hægt með þessari steypu að auka verulega veðrunarþol á ódýran hátt. |
| C-35 | Lágmarksstyrkur í útisteypu þar sem salt kemur nálægt steypunni, t.d. gangstéttar en einnig brúardekk og hafnarmannvirki. Einnig í efstu hæðir hárra mannvirkja. |
| C-40 | Þar sem þörf er á mjög miklu veðrunarþoli, burðarþoli eða slitstyrk, eins og í brúar- eða hafnarmannvirkjum. |
| C-45 eða hærra | Oftast notað þar sem krafist er mikils burðarþols og eða slitstyrks. Eftirspennnt mannvirki. |

Sérsteypur

Lituð steypa

BM Vallá býður upp á steypu í ýmsum litum allt eftir því hverjar óskir viðskiptavinarins eru.

Sjónsteypa

Til að auðvelda vinnuna við að losna við loftbólur og minnka hættuna á litabrigðum milli daga hefur BM Vallá þróað sérstaka steypu.

Sjónsteypa hjálpar verulega en að fá loftbólulausa fallega veggj krefst vandaðra vinnubragða á öllum stigum.

Mót þurfa að vera með óskemmdu yfirborði, þétt og ósveigjanleg, steypan vibruð niður eftir sérstökum reglum og mótaölfan þarf að vera sérhönnuð í þessum tilgangi.



Sjálfútleggjandi steypa

Sjálfútleggjandi steypa er samsett þannig að hún renni í mótin og þjappist án titrunar.

Mjög þjál sjálfútleggjandi steypa er gjarnan notuð í veggj þar sem efiitt er að koma að titrara eða þar sem hún þarf að renna langt.

Í plötur eru gjarnan notuð steypa sem er með minni þjálni og því ódýrari.

Í plötunum er hægt að ná sléttu yfirborði með lágmarksvinnu og án ílagnar

Hvít steypa

Hvít steypa er samsett úr hvítu sementi og ljósum (hvítum) fylliefnum.

Hún er notuð í svokallaðar arkitektasteypur, t.d. í útveggjum.

Hægt er að hafa steypuna mismikið hvíta eftir óskum hvers og eins, allt frá snjóhvítri yfir í ljósgráa.

Hraðútpornandi steypa

BM Vallá býður upp á sérstaklega hraðútpornandi steypu.

Útþurrkunartími er umtalsvert styttri en í hefðbundinni steinsteypu.

Hraðútpornandi steypa hentar sérstaklega vel fyrir plötur þar sem er stuttur byggingartími. Þegar notast er við hefðbundna C-25 steinsteypu í plötur geta liðið allt að 18 mánuðir þar til hægt er að leggja endanleg gólfefni á. Með vali á sterkari steypum má stytta þennan tíma. Með notkun hraðútpornandi steypu má hins vegar stytta þennan tíma um allt að helming, eða niður í 9 mánuði.

Hafðu samband við söludeild BM Vallá og kynntu þér þennan möguleika.

Aukin þjálni

BM Vallá býður upp á sérstaklega þjála steypu.

Hún hefur þjálni sem er milli hefðbundinnar steypu og sjálfútleggjandi steypu. En andstætt sjálfútleggjandi steypunni þarf og má vibra þessa steypu.

Steypan hentar vel í veggj þegar verið er að steypa undir langa glugga eða þar sem steypan þarf að renna sérstaklega vel.

Sérstaklega þjál steypa er til í öllum styrkleikaflokkum.